

GRAFÍSK HÖNNUN= NÁMSLÝSING

UM NÁMIÐ

Námskeiðið Grafísk hönnun er ítarlegt, hagnýtt og verkefnadrifið grunnám í grafískri hönnun. **Tæknilega námið** byggir í grunninn á Adobe-hugbúnaðinum: Photoshop (myndvinnsla/pixlar), InDesign (hönnun og umbrot/samspil texta og annarra grafískra elementa) og Illustrator (teikning/vektorar) og leggur áherslu á faglega framsetningu á auglýsinga- og kynningarefni fyrir stafræna miðla og fleira. Þetta námskeið hefur verið eitt hið vinsælasta hjá okkur frá upphafi. Í **faglega náminu** er víða komið við og m.a. fjallað um hönnun í víðu samhengi, gervigreindina til aðstoðar, letur og leturfræði, liti, litafræði og litvinnslu, skipulag, vistun og frágang. Námskeiðinu lýkur síðan með ítarlegu lokaverkefni.

Árs áskrift að öllum Adobe-hugbúnaðinum er innifalin í námskeiðinu: Photoshop, InDesign, Illustrator, Bridge auk fjölda annarra forrita.

FYRIR HVERJA

Námsleiðin er fyrir þá sem vilja læra að hanna auglýsinga- og kynningarefni hvort sem er fyrir netið eða prent. Einnig þá sem stefna á frekara listnám eða háskólanám í grafískri hönnun.

MARKMIÐ

Að loknu námi eiga þátttakendur að:

Hafa góða grunnfærni í forritunum.

Geta nýtt gervigreindina sem hjálpartæki.

Geta hannað ýmis konar auglýsinga- og kynningarefni.

Hafa skilning á verkferlum myndvinnslu, vektora, hönnunar og umbrots.

Vera vel undirbúnir fyrir frekara nám eða störf á sviði grafískrar hönnunar.

NÁMSÞÆTTIR

ADOBE PHOTOSHOP

Kennt er á Photoshop-myndvinnsluforritið. Hér er áhersla lögð á ljósmyndir, meðferð þeirra og vinnslu í víðu samhengi. Farið er í helstu aðferðir forritsins sem snúa að vinnslu ljósmynda, upplausn og margt fleira. Nemendur læra að vinna með myndir, blanda þeim, laga og breyta, svo fátt eitt sé nefnt.

ADOBE INDESIGN

Kennt er á InDesign-hönnunar- og umbrotsforritið. Lögð er áhersla á að nemendur læri að tileinka sér einfaldar og markvissar aðferðir sem þarf til að koma góðri hugmynd á framfæri. Nemendur vinna raunhæf verkefni, svo sem innskot í tímarit og bækling.

ADOBE ILLUSTRATOR

Kennt er á Illustrator-teikniforritið sem er mest notaða teikniforritið í dag. Lögð er áhersla á að nemendur læri að tileinka sér þær aðferðir sem þarf til að koma góðri hugmynd á tölvutækt form. Nemendur vinna raunhæf verkefni, svo sem auglýsingar, merki og fleira.

MISMUNANDI GERÐ KYNNINGAREFNIS

Viðfangsefni námskeiðsins skoðað og verkferlar raktir frá hugmynd að fullunnu verki. Kynntir eru helstu boðmiðlar og boðleiðir út á markaðinn. Fjallað er um mismunandi kynningarefni: Hver þau eru og hverjar áherslurnar eru við framsetningu þeirra. Rætt um ímynd fyrirtækja, vörumerki, möguleika á markaði og margt fleira.

MEÐHÖNDLUN LITA

Farið er yfir mismunandi litakerfi í myndvinnslunni: RGB, CMYK og fleiri. Einnig er fjallað almennt um mismunandi litvinnslu í forritunum.

LETUR OG LETURFRÆÐI

Fjallað er um leturgerðir og leturfjölskyldur og fengist við spurningar eins og: Hvernig á að velja letur? Hvað má og hvað má ekki? Hvaða leturnotkun er vænlegust til árangurs?

SKIPULAG, VISTUN OG FRÁGANGUR

Fjallað er um hvernig er best að skipuleggja verkefni, hvernig á að haga frágangi á verkum til hinna ýmsu miðla, hvernig á að skila af sér verkefnum og hvað er nauðsynlegt að gera og hvað ber að varast.

SAMSKIPTI VIÐ FJÖLMÍÐLA, SAMSKIPTAMIÐLA OG PRENTSMIÐJUR

Fyrir utan faglega umfjöllun er (væntanlega) farið í tvær heimsóknir: Prentsmiðjuna Prentmet-Odda og verkferli hennar og prentmöguleikar skoðaðir. Þá er Morgunblaðið heimsótt, þar sem tæknilegur fulltrúi blaðsins sýnir það sem máli skiptir og ræðir um vistun og frágang á myndum og öðru efni til prentunar.

LOKAVERKEFNI

Lokaverkefnið er fjölbreytt og krefjandi og tekur breytingum frá önn til annar. Það er kynnt snemma á námskeiðinu, unnið af og til meðan á námskeiðinu stendur og svo eingöngu í síðustu tímunum. Verkefninu er skilað bæði á útprentuðu og tölvutæku formi. Kennarinn gefur umsögn (einkunn) fyrir lokaverkefnið.

ANNÆÐ

Margt af ofangreindu skarast að einhverju leyti, þannig að umfjöllunin er lifandi. Að auki er fjallað um heilmargt annað sem snertir grafíska hönnun. Nefna má almenna umræðu um hönnun, merkjahönnun, markaðsmál, samfélagsmiðla, prentmöguleika, pappír og pappírsvál og fleira.

FRAMMISTÖÐUMAT/DIPLÓMA

Námið er ítarlegt og góður grunnur til að byggja á. Námslínan veitir ekki starfsheitið „grafískur hönnuður“ enda er það lögverndað starfsheiti og það veitir engin bein starfsréttindi.

ÁÆTLAÐ VINNUFRAMLAG

Kennslan er áætluð um 140 kennslustundir (um 100 klukkustundir) en nemendur sem vilja ná mjög góðum tókum á viðfangsefninu og marktækum árangri þurfa klárlega að leggja á sig eitthvað heimanám.